

Truenorth Ísland ehf
Þór Kjartansson
Seljavegi 2, 2.h.
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. JUNÍ 2014
9.5.2
Tilv. _____



Reykjavík, 13. júní 2014
Tilvísun: UST20140600100/pvb

Efni: Djúpavatsleið-Auglýsingataka

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi True North, dags. 10. júní 2014, vegna leyfis til kvikmyndatöku við Djúpavatsleið innan Reykjanesfólkvangs á tímabilinu 16.-21. júní 2014 vegna franskrar vatnsauglýsingar fyrir VOLVIC. Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmd:

Um er að ræða svokallaðar „plate“ tölur þar sem eingöngu er verið að mynda landslag. Engir leikarar verða á svæðinu né heldur verður sett upp leikmynd og ekki verður um jarðrask að ræða eða átt við náttúruna með neinum hætti. Tökurnar fara fram við Djúpavatsleið fyrir neðan Hellutinda. Tökustaðurinn er í 370 metra fjarlægð frá vegi í hlíð þar sem litlar klettamyndanir eru með hellisskúta. Ökutækjum verður lagt í vegkanti á Djúpavatsleið við Norðlingasand án þess að fara út fyrir veg. Gengið verður frá veginum að tókustað og verður kvikmyndavél og þrífótur borin upp í bakpoka. Að tókunum koma 25 manns. Áætlað er að tókurnar fari fram á tímabilinu 16.-21. júní n.k. en aðeins í einn dag. Tökurnar standa yfir hluta úr degi og líklegast á tímanum frá kl. 17-03 vegna birtuskilyrða.

Umhverfisstofnun metur umfang verksins svo að það sé ekki leyfisskilt miðað við uppgefnar upplýsingar. Stofnunin minnir þó á eftirfarandi:

- Að umgengni um svæðið verði góð og reglum um það verði í hvívetna fylgt. Dýralíf verði ekki fyrir óþarfa truflun og hvorki jarðvegi né gróðri verði raskað.
- Sérstaklega er áréttað að allur akstur utan vega er bannaður skv. 17. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Umsækjandi skal vera í sambandi við landvörð svæðisins, Óskar Sævarsson, áður en tókur hefjast og tilkynna honum um ferðir sínar.

Virðingarfyllst

Þórdís V. Bragadóttir

Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri